

# Þingsályktun

**um fullgildingu samnings um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings  
Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna  
og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim.**

---

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim sem samþykktur var í New York 4. ágúst 1995.

---

*Samþykkt á Alþingi 19. desember 1996.*